



Reykjavík, 9. janúar 2025

USK24120175

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. desember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi atriði um mál vöruhússins í Álfabakka 2, Suður – Mjódd Lýsingu á ákvarðanatökufæri málsins frá upphafi Tímalínu málsins, frá upphafi til loka. Upplýsingar um regluverkið og framkvæmd þess, með áherslu á hvort farið hafi verið eftir gildandi lögum og reglum. Upplýsingar um eftirlitsferla, með sérstakri áherslu á hvernig staðið var að eftirliti við byggingu skemmunnar Athugasemda íbúa og hvernig unnið var úr þeim athugasemdum Einnig er spurt hvort umferðarmál hafi verið skoðuð í kringum byggingu vöruhússins, t.d. hvernig flutningum að og frá húsinu yrði háttað?

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Stórt vöruhús hefur nú verið reist steinsnar frá fjölbýlishúsi í Breiðholti. Íbúar í húsinu eru miður sín með nýbygginguna því við þeim blasir 13 metra hár stálveggur vöruhúss. Ömurlegur grænn stálveggur blasir við sé horft út um stofuglugga íbúa blokkarinnar. Þetta mál þarf að rannsaka ofan í kjölinn af óháðum aðilum. Fulltrúi Flokks fólksins vill að húsið verði lækkað niður í eina hæð þannig að það sjáist til sólar frá 1 hæð blokkarinnar. Ljóst er að hér mun borgarsjóður eiga eftir að blæða. Lóðarhafar skipulögðu lóðina í friði og ró frá afskiptum borgaryfirvalda. Lóðin hefur gengið kaupum og solum frá úthlutun á föstu verði, var upphaflega íbúðalóð með 7 litlum íbúðablokkum, síðan 4 lóðir með litlum þjónustu og verslunareiningum, en er nú ein löng lóð sem enginn áttar sig á með meiriháttar byggingarmagni. Lóðarhafi/hafar getað gert allt sem þeim sýndist án minnstu gagnrýnnar hugsunar eða að gæta hagsmuna nágretta. Íbúar fengu ekki kynningu og málið var aldrei lagt í máli og myndum hvernig það liti út á lokastigi hvorki fyrir umhverfis- og skipulagsráð né borgarráð. Engar útlitstekningar hafa litið dagsins ljós, engin umfjöllun varðandi umferðarmál og aðkomu, sem er nokkuð sem blasir við að verða meiriháttar vandamál og slysigildra. Þetta mál hefur svifið í gegnum borgarkerfið fram hjá öllum ráðum, nefndum og kjörnum fulltrúum.



Reykjavík



Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 15. janúar 2024.

**Svar:**

Yfirlit og samantekt á ferli skipulags fyrir Álfabakka 2 er í fylgiskjali 1

Virðingarfyllt,  
Björn Axelsson, *skipulagsfulltrúi*

Fylgiskjal 1: Suður Mjódd, skipulag og uppbygging dags. 18.des



**Reykjavík**